

**Nd.**

**848. Frumvarp til laga**

[215. mál]

um skemmtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1., 2. og 3. flokki.

3. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- c. Sýningar á listdansi og þjóðdönsum.
- d. Fræðandi fyrirlestrar.

- e. Sýningar á íslenskum kvikmyndum, og telst það sýning á íslenskri kvikmynd, ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þótt erlend kvikmynd sé sýnd með henni.
- f. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
- g. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skóla- stjórnar.
- h. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem eru aðeins fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 3. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og hjörgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, sem ráðherra setur.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vin ekki um hönd haft á þessum skemmtunum og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

#### 6. gr. hljóðar svo:

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilaskjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

Að því er tekur til reglugerða fyrir bæjar- og hreppsfélög, sem settar hafa verið og staðfestar samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 3 22. nóv. 1918, og enn eru í gildi, þá skal haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í bæjar- eða sveitarsjóði skemmtanaskatt, svo sem í reglugerðunum greinir, enda fer og um önnur atriði, sem skattinn varða, eftir ákvæðum reglugerðanna. Skattur samkvæmt lögum þessum lækkar um þann hluta, sem fellur til hrepps- eða bæjarfélaga samkvæmt reglugerðunum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförunu hafa notið tekna vegna frammannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að féð verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmynda- húss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

#### 8. gr. hljóðar svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-

lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum. Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.